

## Kjarvalsstaðir:

# Sýningu í tilefni árs aldraðraslitid

Sýningu á Kjarvalsstöðum í tilefni árs aldraðra, var slitið síðastliðið sunnudagskvöld, en hún hafði staðið í þrjár vikur. Meginviðfangsefni hennar voru handmenntasýning, sýning á alþýðulist, sýning á höggmyndum Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar, myndbandasýning, ráðstefna Lífs og lands og málþing.

Málþingið hið 6. í röðinni og síðasta var haldið sl. sunnudagskvöld. Þar mættu Svavar Gestsson, heilbrigðisráðherra, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, Sigurður H. Guðmundsson, formaður Öldrunarráðs og Pétur Sigurðsson, alþingismaður. Skýrðu þeir frá alþjóðafundinum í Vínarborg, hver hefðu verið meginvandamál þau, sem þar voru tekin til meðferðar og hvert hlutverk hefði verið Íslands í ráðstefnunni.

Sigurður Guðmundsson sagði, að sýningin á Kjarvalsstöðum hefði vakið athygli. Væri stefnt að ámóta sýningum og umræðum víðar. Sérstaklega hefði verið rætt meðal Afrikubjóða að beita sömu aðferð og hér hefði verið, að taka upp vinnubrögð og handmenntir aldraðra upp á myndbönd. UNESCO hefði óskað eftir því, að Norðurlöndin settu upp svipaða sýningu, og væri áhugi á að fá útdrátt úr myndböndum Friðriks G. Friðrikssonar.

Pétur Sigurðsson, alþingismaður skýrði frá vinnubrögðum á Vínarfundinum og framkvæmdáætlun þeirri, sem samþykkt var. Pétur taldi, að framlag okkar væri

verðmætt, og sennilega gætum við veitt ýmislegt til alþjóðlegra framfaramála á vettvangi öldrunarmála og öldrunarþjónustu. Pétur saknaði aldraðra úr hópi íslensku fulltrúanna. En þeir hefðu verið í sendinefndum ýmissa annarra þjóða.

Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri skýrði frá undirbúningi ráðstefnunnar og ályktunum hennar. Hann greindi frá stjórn-málagæm árekstrum, sem urðu á ráðstefnunni vegna Líbanonófríðarins. Páll sagði þjóðirnar skiptast í þrennt: — Þær þjóðir, sem teldust þróaðar og væru að ráðgast um til hvarra ráða bæri að grípa, öldruðum í hag.

— Þróunarlöndin, sem væru að ganga í gegnum breytingar á stórfjölskyldunni, og væru með ráðagerðir um að halda í það fjölskylduform.

— Síðast væru það múhamedstrúarmenn, sem veifuðu Kóraninum og læsu upp úr honum, því Múhamed spámaður hefði svar á reidum höndum við öllum vandamálum.

Páll sagði, að stefnt væri að alþjóðlegum degi aldraðra. Að Sameinuðu þjóðirnar settu á fót upplýsingabanka á sviði öldrunar og reynt yrði að koma upp alþjóðlegum sjóðum til að vinna að málefnum aldraðra. Allar ályktanir voru samþykktar samhljóða nema sú, sem fjallaði um Líbanon. Páll sagði það sem merkast hefði komið fram væri, að nú ættu Sameinuðu þjóðirnar að safna þekkingu og miðla henni til aðildarlandanna. Páll taldi, að unnt hefði verið að koma öldrunarmálum í sviðsljósið. Kæmi það til með að hafa áhrif í framtíðinni með auk-


inni þekkingu og bættu almenningsáliti.

A eftir urðu miklar umræður og voru bornar fram fyrirspurnir um atvinnumál aldraðra, þátt áhugamanna, eða hvort hér væri stefnt alfarið að því, að hið opinbera starfaði að þeim málum.

Svavar Gestsson, heilbrigðismálaráðherra lagði áherslu á það, að aldraðir bindust samtökum. Þar með lauk 6. málþinginu á Kjarvalsstöðum.

Eggert Ásgeirsson, formaður framkvæmdanefndar sýningarinnar skýrði frá árangri hennar og meginþáttum. Taldi hann sýninguna hafa fengið góða dóma og stuðning, þar sem aðsókn hefði verið mikil. Eggert þakkaði samstarfsfólki, ekki hvað síst Magnúsi Eggertssyni sem hefði unnið að málþingum fyrir hönd Samtaka lífeyrisþega ríkis og bæja.

Eggert skýrði frá því, sem hann taldi að hæst hefði borið í umræðum á málþingum. Lögskipaður ellilífeyrisaldur væri á leiðinni með að skipa öldruðum í sérstakan þjóðfélagshóp. Misrétti væri mikið í lífeyrismálum. Réttur lítillmagns væri í höndum manna, sem heyrðu þeim til, sem hefðu tryggt sinn rétt bezt. Heilbrigðisþjónustan hefði verið ofmetin sem



Málshefjendur á 6. málþinginu. Eggert Ásgeirsson, Magnús Eggertsson, Svavar Gestsson, Páll Sigurðsson, Sigurður H. Guðmundsson og Pétur Sigurðsson. Ljós. Mbl. KEE.

þáttur í heilbrigði þegnanna og lengri meðalævi. Aldraðir verði að ráða yfir sínum málum og hafa yngri sér til samstarfs. Vinnan yrði ekki ofmetin, sem þáttur í heilbrigði elliáranna. Það væri komið inn hjá fólki, að þjónusta stofnana væri góðgerðir í þeirra þágu. Afleiðingin væri stofnana-dýrkun, sem vanmæti framlag fólksins sjálfs.

Að lokum sleit Svavar Gestsson sýningunni með ræðu. Hann ræddi um gagn Vínarfundarins, en sagðist vilja spyrja að leikslökum. Hann lét í ljós efasemdir sínar um réttmæti fastákveðins lífeyrisaldurs. 67. aldursárið hefði verið tekið upp af Bismark fyrir öld síðan. Lagði Svavar áherslu á

eftirfarandi:

— virða bæri rétt ellilífeyrisþega, þótt þeir þurfi á aðstoð að halda,

— sjálfsákvörðunarréttur einstaklinganna væri mikils virði. Þeir mættu ekki glata sérkennum og sjálfsvirðingu,

— réttur þeirra til áhrifa og þátttöku væri frumskilyrði,

— komið verði til móts við aldrada í atvinnumálum.

Ráðherra taldi baráttuna hafa einkennzt af vörn, sem hann teldi að snúa bæri í sóknarátt. Sýningin væri merkilegt framlag í þá átt, að sýna fram á, að þáttur aldraðra hefði verið vanmetinn. Hann þakkaði aðstandendum sýningarinnar og sleit henni.



Fundarsalur Kjarvalsstaða var þéttskipaður og fundarmenn hátt á annað hundrad.

## Einstakt tækifæri

fyrir ungt fólk sem vill eignast húsnæði á hagstæðum kjörum. 2x100 fm sérhæðir í virðulegu eldra steinhúsi í Vestmannaeyjum. Verð 530—420 þús. Útb. má greiðast með nýlegum bíl. Önnur skipti koma til greina. Athugið opið mánudag.

FASTEIGNASALAN  
**Skálafell**

**85788**

Bolholti 6, 4. hæð  
Brynjólfur Bjarkan, viðskiptafr.  
Sölumenn: Sigrún Sigurjónsdóttir  
og Ómar Másson.

**29555 29558**

**Opið í dag frá 9—21**

**Skodum og verðmetum eignir samdægurs.**

Höfum verið beðnir að útvega fallega 3ja herb. íbúð í Hafnarfyrði fyrir mjög fjársterkan kaupanda. Aðeins 900 eign kemur til greina.

**Eignanaust** Skipholti 5.  
Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Sími 29555 og 29558.

## Hús við Skipasund

Var að fá í einkasölu timburhús á steiptum kjallara við Skipasund, ásamt bílskúr. Í kjallara er 2ja herb. íbúð. Á hæðinni eru 3 herbergi, eldhús, snyrting o.fl. Í risi eru 2 lítil herbergi. Grunnflötur hússins er um 80 fm. Húsið má einnig nota sem einbýlishús. Húsið er í ágætu standi. Góður garður. Breytingar á húsinu eru auðveldar. Teikning til sýnis á skrifstofunni. Æskilegt er að fá 3ja—4ra herbergja íbúð á góðum stað upp í kaupin.

Árni Stefánsson, hrl.  
Málflutningur. Fasteignasala  
Sudurgötu 4, sími 14314.  
Kvöldsími: 34231.

## Farmenn:

# Boða verkfall 17.—19. og 24.—26. ágúst nk.

YFIRMENN á farskipum hafa nú boðað vinnustöðvun á farskipum dagana 17.—19. ágúst nk. og aftur 24.—26. ágúst nk. hafi samningar ekki tekizt fyrir þann tíma, en samningaviðræður þeirra og útgerðarmanna hafa staðið yfir undanfarnar vikur.

Vegna málsins hefur Farmanna- og fiskimannasambandið sent frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu: „Svo sem kunnugt mun vera slitnaði upp úr samningaviðræðum yfirmanna á farskipum og útgerðanna um klukk- an 06.00 að morgni fimmtudagsins 5. ágúst 1982 eftir 15 klukkustunda samningafund. Óhætt mun vera að segja, að þá hafi verið komið samkomulag um flest atriði, þegar farmenn urðu ásáttir um að taka yfirlýsingu útgerðanna um lífeyrismál. Eftir að það samkomulag var orðið kváð hins vegar við annað hljóð úr strokki útgerðarmanna og er þeir gengu á bak fyrir vilýrða sinna um að ef samkomulag næðist í lífeyrismálum mundi ekki standa á samkomulagi um bætur fyrir fækkun í áhöfnum skipa né aukn-

um frírættindum. Um þetta gönhlaup útgerðanna ályktaði samninganefnd farmanna á fundi sínum fyrir helgi og fylgir sú ályktun hér með:

Til að knýja á um að útgerðirnar standi við þau gefnu vilýrði sem á þeim mátti skiljast að frágengin væru skömmu áður en slitnaði upp úr viðræðum hefur samninganefnd farmanna afráðið að boða til frekari vinnustöðvanna á kaupskipum, ferjum, hafrannsóknarskipum og sanddæluskipum. Hefur verkfall á þessum skipum verið boðað dagana 17.—19. ágúst svo og dagana 24.—26. ágúst 1982.

Enn er í gildi algjört yfirvinnubann á sömu skipum á „heimahafnarsvæðinu“ við Faxaflóa og Grundartanga, Akureyri, Grindavík og Þorlákshöfn. Var þetta yfirvinnubann boðað frá og með 29. júlí sl. og mun það gilda uns samninganefnd farmanna kann að ákveða annað. Samninganefnd farmanna álitur að hún hafi teygst sig eins langt í átt að samkomulagi við útgerðir og nokkur var kostur en útgerðirnar hafi hunsað einlægán samningsvilja farmanna

og nú síðast undir lokin með því að ganga á bak fyrri vilýrða um lausnir á vinnudeilunni“.

## Stykkishólmur:

# Útibússtjóri Búnaðarbankans hættir

Stykkishólmi, 1. ágúst.

Útibússtjóraskipti við útibú Búnaðarbanka Íslands í Stykkishólmi standa nú fyrir dyrum, en Guðmundur Eiddsson, sem hér hefir starfað undanfarnin ár, lætur nú af störfum og flýst til sinna gömlu átthaga þar sem hann mun sinna sínum áhugamálum.

Um stöðuna, sem auglýst hefir verið laus til umsóknar, hafa sótt 5 manns en umsóknarfrestur rann út fyrir skömmu. Enn er ekki búð að ráða í stöðuna þegar þetta er ritað.

Fréttaritari.